

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1185
komudagur 27.2.2004

Til Nefndasviðs Alþingis
Efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2004

Landssamband eldri borgara hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um erfðafjárskatt 435. mál um heildarlöggjöf.

Á fundi framkvæmdastjórnar LEB í dag var fjallað um þetta mál. Framkvæmdastjórnin hefur ekki yfir sérþekkingu um málið að ráða. En eins og fram kemur í frumvarpinu og athugasemdum með því eru lagðar til verulegar breytingar á skattstofni erfðafjárskatts og álagningar stuðli í frumvarpi þess.

Án þess að fjalla um málið grein fyrir grein þó heildar lagabálkur sé, vill framkvæmdastjórn LEB láta í ljós álit sitt á einstökum atriðum.

Í fyrsta lagi telur framkvæmdastjórnin að þeim 300-400 milljónum króna sem Fjármálaráðuneytið telur að samþykkt frumvarpsins muni kosta ríkissjóð árlega, gæti verið betur varið til annarra skattalagabreytinga. Skattalagabreytinga sem kæmu þeim sem minnst hafa úr að spila betur heldur en með þessari ráðstöfun, sem varla verður talið að hafi verið brýn þörf á, eða að styrki á nokkurn hátt þá sem verst eru settir í skattalegu tilliti. En það er fólk með lágar tekjur en þó yfir skattleysismörkum.

Landssamband eldri borgara telur ekki brýnast í skattalegu tilliti að styrkja stöðu þeirra einstaklinga sem erfa fé eða önnur verðmæti. Landssambandið tekur samt undir það sjónarmið að eðlilegt sé að hækka skattleysismörk vegna erfðafjárskatts. Einnig það að tekið sé tillit til raunverðmætis fasteigna við álagningu erfðafjárskatts.

Þar af leiðandi sýnist einnig fráleitt að taka ekki tillit til raunvirðis hlutabréfa sem skattstofns.

Framkvæmdastjórn LEB telur því nauðsyn á því að breyta umræddu frumvarpi til samræmis við það sem að framan er sagt ef að það fær afgreiðslu á Alþingi.

F.h. stjórnar LEB

Benedikt Davíðsson
Borgartún 30-105 Reykjavík
Sími: 535-6000